

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

9. maí 2026

Fundargerð

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 9. maí 2026 í húsi Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8, Reykjavík, kl. 13-15.

Hlíf SteingrÍmsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands, setti fundinn kl. 13:03 og bauð gesti velkomna. Forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur, var síðan boðið að ávarpa fundinn. Forseti fór yfir sögu félagsins og undirstrikaði mikilvægi samstöðu og kærleika í baráttunni við krabbamein.

Hlíf þakkaði forseta fyrir hvatningu og stuðning í orði og á borði við starfsemi félagsins.

Hún lagði til að Kristján B. Thorlacius yrði fundarstjóri og Anna Margrét Björnsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

Kristján tók við sem fundarstjóri og fór yfir boðun fundarins og úrskurðaði fundinn lögmætan.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár

Hlíf vakti athygli á ársskýrslu félagsins og fór yfir helstu áhersluatriði. Árið var viðburðaríkt og sýndi með skýrum hætti hvað málstaðurinn nýtur djúpstæðrar samstöðu í samfélaginu. Hún fór yfir stöðuna og framtíðarspá og nefndi í því samhengi samþykkt aðgerðaáætlunar í krabbameinsmálum, sem félagið hefur lengi haft á dagskrá og barist fyrir.

Hún nefndi einnig brýn mál sem bíða úrlausnar, eins og biðtíma vegna krabbameinsmeðferða og aðstöðu dag- og göngudeildar blóð- og krabbameinslækninga. Þá nefndi hún einnig mikilvægt hlutverk félagsins þegar kemur að forvörnum og vel heppnuð átök félagsins á árinu, auk áherslu félagsins á málefni lifenda. Að endingu kynnti hún stofnun Framfarasjóðs Krabbameinsfélags Íslands, sem ætlað er að styðja við ný verkefni sem bæta þjónustu við sjúklinga með krabbamein og aðstandendur.

Hlíf þakkaði starfsfólki Krabbameinsfélagsins fyrir sitt góða starf á árinu og sömuleiðis aðildarfélögum, stjórnarmeðlimum og velunnurum fyrir sitt framlag.

Að endingu sýndi hún tvö myndbönd sem Krabbameinsfélagið hefur látið framleiða í tengslum við 75 ára afmæli félagsins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrsluna, en engar athugasemdir bárust.

Skýrsla stjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Helgi Björnsson, fjármálastjóri Krabbameinsfélagsins, kynnti ársreikninga félagsins.

Tekjur eru fyrst og fremst frá Velunnurum, Bleiku slaufunni og Mottumars að venju, en liðurinn Aðrar tekjur jókst óvenju mikið á milli ára. Skýrist það af erfðagjöfum sem runnu til félagsins á árinu. Var erfðagjöfunum veitt annars vegar til Vísindasjóðs og hins vegar til stofnunar Framfarasjóðs.

Handwritten signature:
Lísu
AMB

Stöðugildafjöldi er sá sami, en hækkun á launakostnaði skýrist af launahækkunum. Liðurinn vörukaup hefur lækkað vegna átaks í innkaupum. Upplýsingatæknikostnaður hefur aukist og skýrist það af endurnýjun netbúnaðar og hugbúnaðarvinnu í tengslum við Lífsgæðarannsókn, vef og Gott og einfalt verkefnið. Veittir styrkir eru hærri en oft áður.

Fundarstjóri gaf kost á spurningum. Engar bárust, en nokkrir tóku til máls og þökkðu fyrir greinargóða kynningu.

Reikningar voru bornir fram til samþykktar og samþykktir án athugasemda.

Hlíf kynnti tillögu að ráðstöfun afkomu. Afkoma var mjög góð og mikill vilji er til að það skili sér strax og vel í þjónustu við sjúklinga og aðstandendur. Stjórn leggur fyrir aðalfund tillögu um að 75 milljónum verði veitt til að styðja við krabbameinsáætlun, samkvæmt sérstöku samkomulagi við heilbrigðisráðherra, með tímasettum markmiðum, áherslum og reglulegri eftirfylgd með mælikvörðum.

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum og Hlíf svaraði spurningu um framkvæmd.

Fundarstjóri bar tillögu undir fundinn til samþykktar og var hún samþykkt.

Helgi kynnti tillögu um framlag í varasjóð. Stjórn leggur fyrir aðalfund tillögu um að 900 milljónir króna verði lagðar í skilgreindan varasjóð sem verði haldið utan um sérstaklega, bæði í eignasafni og ársreikningi félagsins. Rök fyrir breytingunni er að tryggja betri aðgreiningu í gögnum og bókhaldi.

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum og Helgi svaraði spurningum um val á upphæð og væntanlega ávöxtun.

Fundarstjóri bar tillögu undir fundinn til samþykktar og var hún samþykkt.

3. Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar

Skýrslur aðildarfélag eru aðgengilegar á vef félagsins og fundargestir voru hvattir til að kynna sér efni þeirra á netinu.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram undir þessum lið.

4. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára

Helgi Björnsson, fjármálastjóri Krabbameinsfélagsins, kynnti starfs- og fjárhagsáætlun. Stefnt er að því að setja enn meiri kraft í hagsmunagæslu og forvarnir og fræðslu með fjölgun stöðugilda sem sinna þeim málaflokkum og mun því fylgja aukinn launakostnaður. Áætlunin gerir ráð fyrir auknum framlögum frá Velunnurum en að öðru leyti eru tekjuliðir að mestu óbreyttir. Gert er ráð fyrir að styrkveitingar dragist saman, sem skýrist af því að sami liður var óvenju stór árið á undan.

Stefnt er að því að efla núverandi starfsemi með aukinni áherslu á að jafna aðgengi að þjónustu og þekkingu, til dæmis með aukinni áherslu á fjarþjónustu og þýðingar. Aukin kynning verður á starfsemi félagsins í tengslum við 75 ára afmæli, auk þess sem úrvinnsla og hagnýting lífsgæðarannsóknarinnar verður í fullum gangi á tímabilinu. Skoðaðir verða möguleikar í tengslum við hagnýtingu gervigreindar, en gæta verður að því samhliða að áfram sé framsetning efnis og upplýsinga nákvæm og áreiðanleg. Reiknað er með vægum samdrætti í afkomu, en ekki er gert ráð fyrir að það krefjist viðbragðs af hálfu félagsins.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram undir þessum lið.

Handwritten signature: Hlíf
Handwritten initials: ANB

5. Lagabreytingar

Ein tillaga að lagabreytingu lá fyrir.

Tillagan snéri að röð dagskrárliða og viðbótarlið, ákvörðun um framlag í varasjóð. Lagt var til að 3. gr. yrði breytt þannig að liðurinn *Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar* færðist fram um einn í dagskrá aðalfundar. Jafnframt var lagt til að nýjum lið yrði bætt inn þar sem *Skýrslur aðildarfélaga* voru áður, í beinu framhaldi af samþykkt reikninga. Liðurinn myndi heita *Ákvörðun um varasjóð* og virkjast séu lagðar fram tillögur að breytingu á framlagi.

Fundarstjóri lagði til að breyting yrði borin undir fund í einu lagi. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Tillaga um breytingu á ákvæði 3. gr. laga félagsins var síðan lögð fyrir fundinn og var tillagan samþykkt.

6. Stjórnarkjör

Hrefna Eypórsdóttir gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar til stjórnarkjörs.

Kjósa þurfti í þrjú sæti aðalmanna á þessum fundi, til tveggja ára. Tveir stjórnarmenn gáfu áfram kost á sér, þeir Sigurður Hannesson og Vilhjálmur Egilsson. Jóhanna S. Kristjánsdóttir gaf einnig kost á sér í stjórn.

Kjósa þurfti í tvö sæti varamanna á þessum fundi, til eins árs. Einn varamaður gaf áfram kost á sér, Kjartan Gunnarsson. Þórhalla Ágústs dóttir gaf einnig kost á sér í sæti varamanns.

Fundarstjóri lýsti því að fram hefðu komið þrjú framboð í þrjú sæti aðalmanna og tvö framboð í tvö sæti varamanna. Ekki þurfti því að fara fram kosning. Frambjóðendur voru sjálfkjörnir og staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, og eins til vara, til eins árs.

Kjósa þurfti í tvö sæti aðalmanna og eitt sæti varamanns á þessum fundi, til eins árs.

Uppstillingarnefnd lagði til að skoðunarmenn reikninga til eins árs yrðu áfram Birna Guðmundsdóttir, Jón Auðunn Jónsson og Ólafur Dýrmundsson til vara.

Fundarstjóri lýsti því að fram hefðu komið tvö framboð í tvö sæti aðalmanna og eitt framboð í eitt sæti varamanns. Frambjóðendur voru því sjálfkjörnir og staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.

8. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar

Fimm manna uppstillingarnefnd gaf öll kost á sér áfram. Hrefna Eypórsdóttir, Kristján Freyr Helgason, Ragnar Davíðsson, Sigríður Zoëga og Sigrún L. Magnúsdóttir.

Fundarstjóri lýsti því að fram hefðu komið fimm framboð í fimm sæti uppstillingarnefndar. Frambjóðendur voru því sjálfkjörnir og staðfesti fundurinn kjör þeirra með lófataki.

9. Önnur mál

Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, gerði grein fyrir öðrum málum.

a. Ályktun um forvarnir

Halla kynnti og gerði grein fyrir tillögu að ályktun fundarins.

Handwritten signature and initials:
1. Kristján
AUB

Fundastjóri óskaði eftir spurningum og athugasemdum. Halla svaraði spurningu um spá um fjölgun krabbameinstilvika.

Ályktunin var borin undir fundinn og samþykkt. Hún er svohljóðandi:

Ályktun aðalfundar Krabbameinsfélagsins, laugardaginn 9. maí 2026

Krabbameinsfélagið spáir mun meiri fjölgun krabbameinstilvika hér á landi á næstu árum en í nágrannalöndunum og í Evrópu. Fyrirséð er að fjölgunin verður veruleg áskorun fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu sem í dag tekst á við skort á aðstöðu, tækjabúnaði, mönnun og fjármögnun nýjustu lyfja. Að tryggja jafnt aðgengi fólks, óháð búsetu, uppruna og samfélagsstöðu að bestu fáanlegu meðferð og heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða er stórt verkefni. Brýnt er að grípa til aðgerða strax, því áhrifin koma ekki fram fyrr en síðar.

Samhliða búum við yfir meiri og meiri þekkingu um þá þætti sem hafa áhrif á krabbameinsáhættu, sérstaklega lífsstílstengda þætti. Engin ein töfralausn er til. Til að fækka krabbameinum þarf að hagnýta þá þekkingu sem til er og beita fjölbreyttum leiðum þar sem stjórnvöld, heilbrigðisþjónusta og einstaklingar taka höndum saman.

Heilbrigðisráðherra hefur stigið fastar niður í forvarnarmálum en við höfum lengi séð, til dæmis með aðgerðaáætlun um offitu. Í könnun Krabbameinsfélagsins meðal framboða til sveitarstjórna var niðurstaðan auk þess nánast einróma; fulltrúar framboðanna líta svo á að sveitarfélög geti fækkað krabbameinstilvikum með því að stuðla að bættri lýðheilsu meðal íbúa.

Hvert einasta tilvik sem hægt er að koma í veg fyrir skiptir máli og mörg lítil skref geta komið okkur langt. Það er glapræði að hagnýta ekki þá þekkingu sem til er, til að fækka krabbameinstilvikum.

Með því að taka lítil skref á mörgum stöðum til að auka hreyfingu, bæta mataræði, draga úr ofþyngd, koma í veg fyrir aukna áfengisneyslu, auka sólarvarnir, draga úr tóbaks- og nikótínneyslu og auka mætingu í skímanir getum við fækkað krabbameinum. Árangurs er ekki að vænta um leið og kemur líklega ekki fram fyrr en eftir talsvert mörg ár. Það er hins vegar mikilvægt að við látum það ekki draga úr okkur.

Krabbameinsfélagið hvetur heilbrigðisráðherra til að halda áfram á sömu braut og hafa bættu lýðheilsu í forgrunni. Félagið hvetur líka önnur stjórnvöld til að horfa ekki framhjá því að við getum komið í veg fyrir krabbamein heldur þvert á móti, að taka mark á gagnreyndri þekkingu til að vinna gegn fjölgun krabbameina. Leyfum lýðheilsu að njóta vafans og setjum í forgang að taka tillit til áhrifa á hana þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir, líkt og langstærsti hluti framboða til sveitarstjórna lýsti í könnun félagsins. Við hlökkum til að vinna með nýjum sveitarstjórnnum að krabbameinsforvörnum í nærumhverfi fólks.

Sýnum kjark og höfum þolinmæði til að bíða eftir árangrinum. Stöndum með þekkingunni og bættri lýðheilsu, til að draga úr krabbameinum til framtíðar og samfélags- og efnahagslegum áhrifum sem þeim fylgja. Lífið liggur við.

Kristín
AMB

b. Ályktun um krabbameinsáætlun

Halla kynnti og gerði grein fyrir tillögu að ályktun fundarins.

Fundastjóri óskaði eftir spurningum og athugasemdum en engar bárust.

Ályktunin var borin undir fundinn og samþykkt. Hún er svohljóðandi:

Ályktun aðalfundar Krabbameinsfélags Íslands laugardaginn 9. maí 2026.

Aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum fyrir árin 2025 til 2029 var samhljóða samþykkt á Alþingi í fyrra vor. Það var mikið gleðiefni hjá Krabbameinsfélaginu, sem hefur barist fyrir íslenskri krabbameinsáætlun í meira en áratug.

Krabbameinsáætlun er meira en orð á blaði og samþykkt aðgerðaáætlun er í raun mjög metnaðarfull stefnuýfirlýsing stjórnvalda í baráttunni við krabbamein sem er ætlað að skapa framtíðarsýn þar sem:

- Árangur verði tryggður til framtíðar með markvissum forvörnum gegn helstu áhættuþáttum krabbameina, skimun og snemmgreiningu meina.
- Heildstæð krabbameinsþjónusta verði veitt samkvæmt stöðluðum greiningar- og meðferðarferlum.
- Aðgengi að krabbameinsþjónustu verði tryggt, óháð búsetu, uppruna og samfélagsstöðu.
- Lögð verði aukin áhersla á notkun gæða- og árangursmælikvarða við veitingu krabbameinsþjónustu.

Álag í heilbrigðisþjónustunni er mikið og æ meira af völdum krabbameina. Krabbameinsfélagið spáir 12% fjölgun krabbameinstilvika á gildistíma áætlunarinnar en 63% fjölgun til ársins 2045.

Það er mat félagsins að þau metnaðarfullu markmið sem koma fram í áætluninni muni tæplega raungerast án þess að til komi viðbótarfjármagn, bæði vegna starfsfólks og annars sem til þarf.

Fólk sem tekst á við krabbamein er oft að takast á við stærstu áskoranir lífs síns og sjúklingar og aðstandendur vilja hafa aðgang að bestu meðferð sem veitt er með heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða eins og segir í heilbrigðisstefnu.

Krabbameinsfélagið skorar á stjórnvöld að standa við stóru orðin og róa að því öllum árum að framtíðarsýn í krabbameinsmálum verði að veruleika og veita til þess nauðsynlegu fjármagni.

Til að tryggja að aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum verði hrint af stað hefur félagið, á 75 ára afmæli þess, ákveðið að veita til hennar allt að 75 milljónum. Fjárveitingin byggir á sérstöku samkomulagi við heilbrigðisráðherra með tímasettum markmiðum, áherslum og reglulegri eftirfylgd með mælikvörðum.

Engin önnur mál voru rædd.

Kristin
AMB

Fundarstjóri óskaði eftir heimild til að fundarritari og fundarstjóri gengu frá fundargerð og var það samþykkt.

Hlíf Steingrimsdóttir, formaður félagsins, fékk orðið. Hún þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og Kristjáni fyrir skelegga fundarstjórn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:49.

Fundarstjóri: Kristján B. Thorlacius

Fundarritari: Anna Margrét Björnsdóttir


Anna Margrét Björnsdóttir